



Yfirlýsing frá samninganefnd Verkfræðingafélags Íslands til Ríkissáttasemjara 3. mars 2025

Með kjarasamningi þessum er samið um sambærilegar launahækkanir til handa félagsmönnum okkar sem starfa hjá ríkinu og áður hafði verið samið um í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði vorið 2024. Verkfræðingafélag Íslands hafði ekki nokkra aðkomu að þeim kjarasamningum heldur fóru þær samningaviðræður fram á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og stéttarfélaga ófagglærðra innan vébanda Alþýðusambands Íslands á almennum vinnumarkaði hins vegar.

Eðli máls samkvæmt er helsta hlutverk stéttarfélaga að semja með beinum hætti um kaup og kjör félagsmanna sinna við fulltrúa atvinnurekenda. Samninganefnd VFÍ telur það stríða gegn þessu hlutverki, að samningsumboð sé fært öðrum stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði þannig að það hafi bindandi áhrif fyrir félagsmenn þess, hvort heldur á almennum vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera.

Endastöð beið samninganefndar VFÍ strax á fyrsta samningafundi við ríkið, engar raunverulegar samningaviðræður áttu sér stað og enginn samningsvilji af hálfu umboðslausrar samninganefndar ríkisins (SNR). SNR lét hafa eftir sér að verðmætasköpun samfélagsins ætti sér ekki stað hjá ríkisstarfsmönnum og félagsmenn sem vildu ekki þennan samning gætu kosið með fótunum (sótt um störf annar staðar). Þegar deilunni var svo vísað til sáttasemjara var launaliðurinn hreinlega tekinn af dagskrá og hvergi komið til móts við kröfur og óskir samninganefndar VFÍ.

Við í samninganefnd VFÍ gerum alvarlegar athugasemdir við að launaliður hafi ekki verið til umræðu. Öllum hugmyndum samninganefndarinnar um kjarabætur var vísað frá án umræðu eða útskýringa og það þrátt fyrir augljósa kjararýrnun hópsins. Samninganefndum deiluaðila var gert að vera með lausnamiðaða nálgun og koma með nýjar hugmyndir til lausnar deilunni. Ekki stóð á hugmyndum samninganefndar VFÍ en engar hugmyndir bárust frá samninganefnd ríkisins (SNR).

Þetta eru óboðleg vinnubrögð.

Samninganefnd VFÍ:

Ásbjörn Ólafsson, formaður

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir

Helga Helgadóttir

Melissa Anne Pfeiffer